

Samráðsfundur
Skipulagsstofnunar, Sambands
Íslenskra sveitarfélaga og
sveitarfélaganna
26.-27. apríl 2012

ENDURSKOÐUN LAGA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Rut Kristinsdóttir,
sviðsstjóri umhverfissviðs Skipulagsstofnunar

ENDURSKOÐUNIN

- Byggir að mestu á athugasemdum ESA.
- Athugasemdirnar koma í kjölfar dóma Evrópudómstólsins.
 - Ekki má setja þrengri viðmið en koma fram í tilskipuninni, hvorki verndarviðmið né stærðarviðmið.
- Felst aðallega í breytingum á 2.viðauka.
- Reynt var að skýra helstu atriði sem hafa þótt óviss í viðaukunum.
- Lagfæringar og uppfærsla í samræmi við nýjustu breytingar á tilskipuninni.

VIÐAUKAR LAGANNA - BREYTINGAR

- 1. viðauki verður A- flokkur.
 - Matsskyld mál.
 - Óbreytt málsmeðferð.

- 2. viðauki skiptist í B- flokk og C – flokk.
 - Tilkynningaskyld mál.

TILKYNNINGASKYLD MÁL

B og C flokkar

B- flokkur

- o Að mestu óbreyttar framkvæmdir og viðmið miðað við 2. viðauka nógildandi laga.
- o Sambærileg málsmeðferð og 2. viðauka mál í dag. (4 vikur)
- o Ákvarðanir kæranlegar.

C – flokkur

- o Framkvæmdir sem eru undir viðmiðum 2. viðauka í dag.
- o Léttari málsmeðferð. Minni gögn og valkvætt hvort umsagana er óskað. (2- 3 vikur).
- o Ákvarðanir kæranlegar.

VEGIR

	10. Grunnvirki	A	B	C
10.07	Lagning nýrra vega sem eru þrjár akreinar eða fleiri.	X		
10.08	Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem samanlögð nýlagning utan eldra vegsvæðis er a.m.k. 10 km að lengd.	X		
10.09	Lagning vega í þéttbýli með færri en þremur akreinum og styttri en 10 km. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.		X	
10.10	Allir nýir <u>vegir</u> og endurbygging vega sem ekki falla í flokk A samkvæmt tölulíð 10.07 og 10.08 eða flokk B samkvæmt tölulíð 10.09.			X

Hvenær verður vegur að vegi?

Samkvæmt frumvarpinu eru vegir þeir sem eru að eðli til sambærilegir við „þjóðvegi“ vegalaga. Stofnvegir, tengivegir, héraðsvegir og landsvegir. Ekki sveitarfélagavegir skv. vegalögum.

EFNISTAKA/HAUGSETNING

2. Námuiðnaður				
		A	B	C
2.01	Efnistaka og/eða <u>haugsetning</u> á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m ² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m ³ eða meira.	X		
2.02	Efnistaka og/ eða haugsetning á <u>verndarsvæðum</u> .		X	
2.03	Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m ² svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m ³ eða meira. Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haugsetningastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m ² .		X	
2.04	Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m ² svæði eða efnismagn <u>er minna en 50.000 m³</u> .			X

Þarf að tilkynna inn mokstur í hjólbörur?

Efnistaka sem telst minniháttar og ætluð til eigin nota eiganda eða umráðamanni eignarlands og þarfnast ekki sérstaks leyfis (nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd) fellur EKKI undir C-flokk. (Sbr. 4. mgr. 47. gr. laga um náttúruvernd)

SKÓGRÆKT

Flokkur framkvæmda		A	B	C
	1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi			
1.06	Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Varanleg skógareyðing sem breytir fyrri landnotkun.		X	
1.07	Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun.			X

Er skógur þar sem tvö tré koma saman?

Samkvæmt skilgreiningu sem Skógrækt ríkisins hefur gengið út frá er skógur a.m.k. 0.5 ha að flatarmáli, geti fullvaxinn náð tveggja metra hæð og krónuþekja sé a.m.k 10%

ÁHRIF Á UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

- Miðað við nágildandi löggjöf þá hafa framkvæmdir á 1. og 2. viðauka haft áhrif á hvaða skipulag og breytinga á því þarf að umhverfismeta skv. lögum um umhverfismat áætlana (UMÁ).
- Stefnt er að því að samhliða því að endurskoðun MÁU laganna taki gildi verði gerðar breytingar á UMÁ lögnum, þ.e. ákvæði þeirra taki ekki til skipulags sem markar stefnu til leyfisveitinga framkvæmda í C-flokki.

Er þörf á þessari endurskoðun?

- Erfitt að setja „rétt viðmið“ sem taka til eðlis, staðsetningar og eignleika áhrifa.
- Mögulega dregur úr „salami slicing“, t.d er varða efnistöku og fiskeldi.
- Lögin verða í samræmi við tilskipun – allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif fá viðeigandi málsmeðferð.-
- Tilkynningaskylda snýst ekki bara um ákvörðun Skipulagsstofnunar.
- Gögn sem setja þarf í tilkynningu góður efniviður í framkvæmdaleyfisumsókn.